

Profilm ehf.
Skútuvogi 1
104 Reykjavík



Hella 15. júní 2017
UST201706-107/H.Á.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Gullfoss - Geysir - Skógafoss

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Profilm dags. 12. júní 2017, vegna leyfis til kvikmyndatöku með flygildi (dróna) við Gullfoss, Geysi og Skógafoss.

Gullfoss og nágrenni hans er friðlýst sem friðland sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 14/1979. Skógafoss og umhverfi hans er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 47/1971. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðunum.

Geysir er á náttúruminjaskrá nr. 737 og svæðið í umsjón Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða kvikmyndatöku með flygildi við Gullfoss, Geysi og Skógafoss dagana 15-17. júní. Tökurnar verða sem fjærst öllum ferðamönnum og framkvæmdar að nóttu til milli kl. 2 og 7. Notaður verður DJI Inspire flygildi. Umfang kvikmyndatöku á hverjum stað verður 500 m radíus í 10-40 m hæð. Fjöldi starfsmanna eru 5.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að framkvæmdin muni að öllum líkindum valda tímabundinni truflun á dýralífi og á upplifun gesta á svæðinu. Við Skógafoss verpa fýlar í bjarginu. Á öllum ofangreindum svæðum er mikill fjöldi ferðamanna dag hvern en að öllum líkindum fáir á ferli yfir nóttina.

Umhverfisstofnun heimilar því fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku úr lofti með flygildi við Gullfoss, Geysi og Skógafoss að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tókum hefjast og þegar tókum líkur.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum.
- Umsóknaraðili skal hafa leyfisbréf Umhverfisstofnunar til taks á tókustað.
- Takmarka skal þann tíma sem flogið er flygildi við Skógafoss eins og kostur er með tilliti til fuglavarps og ekki fljúga inn í gilið á varpsvæði fýlsins. Einnig skal takmarka flugtíma við Gullfoss og Geysi og Skógafoss með tilliti til upplifun annara gesta á svæðinu.
- Starfsmenn Profilm skulu vera til staðar við Gullfoss, Geysi og Skógafoss á meðan á tókum stendur og upplýsa gesti um framkvæmdina.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á eftirfarandi leiðbeiningar stofnunarinnar um flug ómannaðra loftfara á friðlýstum svæðum:

Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.

Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.

Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu og finna og endurheimta verður loftfarið og alla hluta þess skyldi það brotlenda eða bila.


Vakin er athygli á reglum Samgöngustofu um starfrækslu ómannaðra loftfara. Í sértækum reglum um flugvélalíkön (sem ná einnig til ómannaðra loftfara og finna má í Flugmálaláttabók (AIP) Íslands, ENR 1.1.10) kemur m.a. fram að einstaklingur eða fyrirtæki sem óskar eftir að starfrækja ómannað loftfar skal sækja um leyfi til slíkrar starfrækslu til Samgöngustofu ef loftfarið er yfir 5 kg að heildarþyngd eða knúið áfram af eldflaugum. Einnig þarf leyfi Samgöngustofu ef loftfarið er knúið áfram af brunahreyflum og flogið er innan 1,5 km frá íbúðarhúsa- eða flugvallarsvæðum.

Um skaðabótaábyrgð vegna notkunar ómannaðra loftfara fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1998, um loftferðir.

Leyfisgjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mg. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir starfsemi og framkvæmd á friðlýstum svæðum er 52.600 kr., sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur